

**EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS****VERKNR:****SA118****DAGS: 20.09.2017**

Fundur í stýrihóp haldinn í Árnesi kl. 11:00 – 13:50.

Mætt voru: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Erika Witt, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Gunnar Örn Marteinnsson, Pétur Ingi Haraldsson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 LANDNOTKUNARFLOKKAR

Landbúnaðarsvæði

Rætt var um lágmarksfjarlægðir frá lyktarmengandi starfsemi. Áður hafði verið ákveðið að miða við að lágmarki 300 m frá jarðamörkum og að öðru leyti gildi lögin. Rætt var um mögulegar undanþágur frá því lágmarki.

Textinn verður eftirfarandi:

- Að öllu jöfnu verði lágmarksfjarlægð eldishúsa á nýjum svæðum vegna atvinnustarfsemi 300 m frá jarðamörkum en heimilt er að veita undanþágur ef sambærilegur rekstur er á svæðinu.

Íbúðarbyggð í dreifbýli

Rætt var um svæðin sem skilgreind eru sem íbúðarbyggð í dreifbýlinu.

- Land fyrir íbúðarsvæði í Kálfhól verður fært á réttan stað skv. deiliskipulagi, þar eru fimm lóðir.
- Sett eru inn ákvæði fyrir íbúðarbyggð í Áshildarmýri varðandi lágmarks gólfhæð og að óheimilt er að vera með kjallara.

Frístundasvæði

Rætt var um frístundasvæði á skilgreindum hættusvæðum en tvö slík eru í gildandi skipulagi, í Árhrauni og í landi Ólafsvalla. Ákveðið var að fella svæðin út en láta landeigendur jafnframt vita af því. Svæðin eru nær óbyggð þar sem einungis eitt hús er í Árhrauni.

Frístundasvæði í landi Vorsabæjar vantar inn í gögnin.

Skógrækt

Tekin verður út eftirfarandi setning í markmiðum fyrir skógrækt og landgræðslu:

- Skógrækt verði eflid í byggð til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.

Í umfjöllun um leiðir að markmiðum verða teknar út eftirfarandi setningar:

- skógrækt í byggð verði eflid til útivistar, skjóls og landbóta
- Skógrækt verði áfram nýtt til að bæta búsetuskilyrði m.a. til skjóls og útivistar.

Samgöngur

Fallið er frá lokum Stangarvegjar frá Gjánni að Háafossvægi en gert er ráð fyrir að bílastæði verði sunnan við veginn og núverandi bílastæði við Gjánnu verði lokað. Núverandi vegur að bílastæðinu verður nýttur sem göngustígur frá nýju bílastæði. Rætt var um að gera þurfi heildstætt deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána.

Árnes

Í Árnesi er hreinsivirki sem verður afmarkað á þéttbýlisupprætti.

Rædd var uppbygging verslunar- og þjónustusvæðis austast í þéttbýlinu í landi Réttarholts en áform sem þar voru uppi hafa gengið til baka. Engu að síður var ákveðið að halda svæðinu inni til framtíðarnota fyrir verslunar- og þjónustu.

Í ferli er aðalskipulagsbreyting í þéttbýlinu sem tekin verður inn í skipulagið.

Brautarholt

Afmörkun þéttbýlisins verður breytt þar sem hún er ekki rétt.

Efnistökusvæði

Rætt var um vikurnámu austan Búrfells og ákveðið að efnistökmagn á svæðinu geti verið allt að 45.000 m³.

2 ÖNNUR MÁL

Gögnin verða uppfærð að loknum fundi og verða send til sveitarstjórnar. Ferlið að því loknu verður skv. neðangreindum ákvæðum í skipulagslögum.

2 mgr. 30. gr. skipulagslaga:

Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

3. mgr. 30. gr. skipulagslaga:

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

3 NÆSTI FUNDUR

Næsti fundur verður ákveðinn þegar viðbrögð Skipulagsstofnunar liggja fyrir.

Tekið saman á Hellu 21. september 2017.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason